

Facade Beton

Flügger Facade vörulínan er hönnuð til notkunar á múr- og steinfleti, utanhúss. Myndar veðurpolið yfirborð og tryggir hámarksendingu.

Vörulýsing

Mött, 100% akrýlmálning fyrir múr- og steinfleti, utanhúss. Myndar filmu sem hrindir frá sér vatni og óhreinindum og heldur mjög vel lit. Hún er með lágmarks vatnsdrægni og hámarks veðurþol. Veitir vernd gegn klóríði og kolsýrumyndun. Kemur í veg fyrir myglu og mygluvöxt á yfirborðinu.

- Mött og með hámarks veðurþol
- Verndar steypu gegn niðurbroti
- Heldur lit vel



Notkunarmöguleikar

Hentar vel utanhúss á nýja eða ómeðhöndlaða fleti úr múrefnum, steypu, léttsteypu o.s.frv. Hentar ekki síður á steinfleti sem hafa áður verið málaðir með akrýlmálningu.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera grunnað eða áður málað, hreint, þurrt, traust og henta til málunar.

Gæta skal að því að fjarlægja gróðurmyndun áður en málað er.

Einnig skal gæta að því að enginn raki sé í steypunni áður en málað er. Rakinn leitast við að finna leið út, ekki síst í sprungum og / eða á plötusamskeytum.

Nýtt sementsyfirborð þarf alla jafna að fá að herða sig í að minnsta kosti 4 vikur áður en meðhöndlun hefst.

Gætið að því að á yfirborðinu séu ekki neinar útfellingar vegna salts eða annarra vatnsleysanlegra efna, áður en málað er.

Nýtt sementsyfirborð þarf alla jafna að fá að standa í að lágmarki 4 vikur áður en það er málað og múrsteinn í 2 ár

Má ekki nota á fleti sem eru húðaðir með hreinni múrhúð með kalki.

Meðhöndlun

Útfellingar og flagnandi, eldri málningu skal fjarlægja með hreinsun áður en málað er. Óhreinindi, fitu og ryk ætti að fjarlægja með Fluren 37. Gróðurmyndun, myglu og mygluvöxt ætti að fjarlægja með Facade Anti-Green. Fyllið stærri sprungur með viðeigandi múrviðgerðarefni. Grunnið nýtt, ídrægt undirlag með Flügger Facade Primer. Setjið tvær eða fleiri umferðir á fyrir hámarksendingu.

Notkun

Pensill, rúlla eða málningarsprauta.

Ákveðið hvernig borið er á út frá þeirri áferð sem óskað er eftir.

Berið blautt á blautt á jafnan hátt, ljúkið með því að nota pensil í sömu átt.

Ávallt skal nota efni með sama lotunúmeri á samliggjandi/samfellt yfirborð.

Kuldi/hiti getur haft áhrif á seigju efnisins.

Efnishiti fyrir úðun, lág. 15°C.

Hindra þarf rakapéttingu við þurrkun/hörðun.

Forðast skal vinnu í beinu sólarljósi og á mjög heitt yfirborð.

Kuldi og aukid rakastig lengir þurrktíma, tefur fulla verkun og lengir tíma á milli yfirmálunar.

Mikill hiti og lítil loftraki draga úr þurrktíma og leiða til þess að efnið tekur sig ekki jafnmikið.

Gerid prufu til að kanna viðloðun og tryggja að útkoman sé í samræmi við væntingar.

Væntanleg útkoma

Myndar matt, þekjandi yfirborð. Áætluð ending er 15 ár.

Þolir háþrýstipvott: Hám. 80 bör, lágm. 30 cm frá yfirborðinu, hitastig vatns hám. 30°C.

Ending veitur á samspili ýmissa þátta, t.d. undirvinnu og filmuþykkt, hvernig efnið er borið á og veðurskilyrðum. Raunveruleg ending getur því verið styttri eða lengri en gefið er upp.

Kölkun frá dekkri litum sökum of mikilla litarefna getur átt sér stað.

Blæbrigðamunur getur komið fram ef undirlag er misjafnt.

Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.

Gerði viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð.

Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægð sem mesta málningu af verkfærunum og þrifið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

Viðbótar upplýsingar

Skráð i gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Norðurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

Vara	Akrýlmálning
Gljái	5;Matt
Eðlisþyngd (kg/l)	1.32
Þurrefnisinnihald vigt %	57
Þurrefnisinnihald rúmmál %	42
Efnisnotkun (m ² /ltr.)	8
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +5°C
Loftraki	Hám. loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	1
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	6
Fullharðnað þurrktími við 20°C, 60% RF	28
Þéttleiki	Uppgufun EN7783: Sd = 0,53 m samsvarandi við flokk V2 Medium samkvæmt EN 1062
Þvottheldni í samræmi við EN-13300/ISO-11998	Class 1
Þynning	Vatn
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

Núverandi TDS útgáfa

maí 2022

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

febrúar 2022